

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 772/1999 um hundahald í Árborg.

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu Árborg. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða eigandi eða vörsluaðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund. Að öðru leyti starfar hundaftirlitsmaður undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

2. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. desember 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.